TOYOTA

Vetur. 2007



Draumar frjálsíþróttafólks

Hilux á Segulpólinn

Seabear að slá í gegn?

Sportköfun í Silfru

Glaðir krakkar á Grænlandi

Töfrar í Tíbet

Silfra er draumur


Sportköfunarskóli Íslands fagnaði 10 ára starfsafmæli í sumar.



Nemendur á námskeiði í sportköfun á opnu vatni. Hluti námskeiðsins fer fram í sundlaug.

Kafari syndir rólega upp úr „dómkirkju" Silfru á Þingvöllum.

Námskeið hjá Sportköfunarskóla Íslands (dive.is) njóta sífellt meiri vinsælda enda býður íslensk náttúra upp á ótal spennandi möguleika fyrir sportkafara. Í boði eru námskeið fyrir byrjendur sem og lengra komna. Stór hluti viðskiptavina skólans eru útlendingar enda vilja þeir ólmir fá að kafa í einu tærasta og fallegasta vatni heims, Silfru á Þingvölllum. Það sem ferðamönnum þykir eftirsóknarvert er að geta kafað í sprungunni sem skilur að heimsálfur og það í hinum glæsilega þjóðgarði Íslendinga. Skyggnið í Silfru er meira en 100 metrar og gerist vatn ekki tærara fyrir kafara. Ástæða tærleikans er sú að vatnið er frá 2 til – 4 gráðu kalt allt árið um kring. Það sem veldur því er að vatnið hefur bráðnað úr jökli í 50 km fjarlægð og runnið í hrauni árum saman áður en það rennur um Þingvelli. Einnig er það líka spennandi að Þingvellir eru á skrá hjá UNESCO sem einstakar náttúruminjar. Þess má til gamans geta að sífellt fleiri leita



Sportkafari í Silfru á sólríkum degi. Sólargeislarnir ná langt ofan í vatnið og skapa skemmtilegar myndir á klettana.

Nemandi í sportköfun æfir sig í sundlaug.



sportkafara

til Sportköfunarskóla Íslands í tengslum við óvissuferðir, steggjapartý og fleira því það er ógleymanleg reynsla að fá að svamla neðanjarðar í fallegu og öruggu umhverfi. Köfunarréttindi eru óþörf í þannig tilfellum en ávallt eru reyndir kafarar með í för.

Sífellt fleiri köfurum þykir áhugavert að kafa við strendur Íslands, sem sagt í Norður-Atlantshafi. Fjölbreytt lífríki er við strendurnar og miklar andstæður, svo er aldrei að vita nema kafarar rekist á einhverja spennandi hvali eða höfrunga.

Dive.is býður líka upp á köfunarferðir í Strýtuna við Eyjafjörð þar sem hægt er að kafa niður á 70 metra dýpi. Í Strýtunni tekst kalt vatn á við heitt og í henni er 55 metra hár ,,skorsteinn" sem er mjög áhugavert að skoða. Hann hefur orðið til á 11000 árum. Lífríkið í Strýtunni er fjölbreytt og þar má jafnan sjá þorska svamla um í mestu makindum.





Skemmtilegt sjónarhorn sportkafara.

Kafari í Silfru á Þingvöllum sem er talið eitt tærasta vatn í heimi.

Lítil sprunga samsíða Silfru býður upp á stórkostlega náttúru neðanjarðar. Á stundum er eins og kafarar séu staddir úti í miðjum geimnum.

